

Veitur ohf.
Hörður Jósef Harðarson
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

föstudagurinn, 12. júlí 2024
UST202406-240/K.B.B.
10.05.07

Efni: Ósk um umsögn - framkvæmdarleyfi á hverfisverndarsvæði - Tungumelar

Vísað er til erindis Veitna ohf. er barst 20. júní 2024, þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar vegna beiðni Veitna ohf. um framkvæmdarleyfi fyrir lagninu nýrrar hitaveitulagnar yfir Leirvogsá. Framkvæmdarsvæðið er á hverfisverndarsvæði sveitarfélagsins Mosfellsbæjar og Reykjavíkurborgar.

Vistgerðir og fuglalíf

Samkvæmt framkvæmdalýsingu verður lögnin grafin niður á 100 m belti innan hverfisverndarsvæða beggja megin við Leirvogsá. Gera má ráð fyrir að rask vegna þess verði á heildina litið um 1000-1500 m². Frágangur verður í samræmi við verklag Veitna sem felst í að grafa upp núverandi gróðurlag og endurnýta það til frágangs.

Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ telst umrætt framkvæmdarsvæði til língresis- og vingulsvistar og snarrótarvistar sem telst til graslendis. Þrátt fyrir útbreiðslu vistgerðanna eru þær samt talar hafa hátt verndargildi. Þá er auk þess á framkvæmdarsvæðinu vistgerðin starungsmýrarvist sem telst til votlendis og hefur mjög hátt verndargildi. Vistgerðirnar eru á lista Bernasamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarnast verndar.

Í vistgerðunum getur verið ríkt og ríkulegt fuglalíf, algengustu varpfuglar eru þúfutittlingur (*Anthus pratensis*), hrossagaukur (*Gallinago gallinago*), lóupræll (*Calidris alpina*), spói (*Numenius phaeopus*), jaðrakan (*Limosa limosa*) og stelkur (*Tringa totanus*). Þess ber að geta að lóupræll, spói og stelkur eru ábyrgðartegundir Ísland.

Í aðalskipulagi Mosfellsbæjar kemur fram að gróður á hverfisverndarsvæðum skuli þróast á eigin forsendum og ekki skuli raska jarðmyndunum.

Umhverfisstonun telur mikilvægt að við framkvæmdirnar sé farið varlega með gróðursvæðin og gengið vel frá svo gróður náí sér. Í ljósi þess að til stendur að varðveita gróðurþekjuna við framkvæmdina og endurnýta telur stofnunin að framkvæmdin muni ekki hafa varanleg áhrif á vistgerðir svæðisins.

Vernd bakkagróðurs

Samkvæmt framkvæmdarlýsingu verða reistar steypar undirstöður undir hitaveitulögnina á árbökkum Leirvogsár.

Samkvæmt 62. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 nýtu bakkagóður verndar. Samkvæmt greininni skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Ljóst er að við framkvæmdirnar verði bakkagróðri raskað við gerð steyptra undirstaða undir hitaveitulögnina. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að við framkvæmdirnar verði leitast við að vernda bakkagróður og lágmarka röskun gróðursins eins og mögulegt er.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdarleyfið þarf að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022 - 2027. Samkvæmt 28. gr. laganna eiga opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, að vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun¹. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Markmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnum vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn hljóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.

Öll vatnshlot eiga að uppfylla þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir þau. Straumvatnshlotið sem hér um ræðir er Leirvogsa 1 (104-929-R) sem hefur umhverfismarkmið um mjög gott vistfræðilegt ástand og gott efnafræðilegt ástand². Markmiðin eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki hnigna, hvorki tímabundið né varanlega.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að hugað sé að mengunarvörnum þegar farið er um svæðið svo að mengun komist ekki í vatn ef óhapp verður, svo sem vegna olíuleka frá tækjabúnaði. Tryggja þarf að þau umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotið náist. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir hvort framkvæmdin hafi áhrif á umhverfismarkmið vatnshlotsins, þ.e. vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess. Í greinargerð er nefnt að við uppsetningu lagnar yfir ána þarf hugsanlega að staðsetja vinnupalla tímabundið 1-2 m út í ána. Umhverfisstofnun bendir á að vatnsformfræðilegar breytingar geta haft áhrif á vistfræðilegt ástand. Í því samhengi bendir stofnun á skýrslu sem unnin var fyrir Umhverfisstofnun um mat á góðu vatnsformfræðilegu ástandi straum- og stöðuvatna³.

¹ [Vatnaáætlun Íslands 2022-2027](#)

² [Vatnavefsja \(vedur.is\)](#)

³ [Aðferðir við mat á mjög góðu vatnsformfræðilegu ástandi straum- og stöðuvatna](#)

Virðingarfyllst

Kristín Björk Birgisdóttir,
sérfræðingur

Axel benediktsson,
sérfræðingur